



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

24. mars 2011

12. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
Sími: 456 3995
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



Með Bolungar- vík á heilanum

„Þegar ég hugsa til baka sé ég að ég er algjör lukkunnar pámíll í öllu því sem ég hef fengið að upplifa,“ segir Soffía Vagnsdóttir, skólustjóri Grunnskóla Bolungarvíkur. Á miðopnu í dag segir hún frá ástríðunni fyrir frú Bolungarvík, æskuárunum í sjö systkina hópi, föðurmissinum og sóknarfærunum í ferðapjónustunni.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Störfum hefur fækkað meira en sem nemur fjölgun atvinnulausra

„Í janúar á síðasta ári varaði ég við því að allt stefndi í að atvinnuleysi hér í fjórðungnum myndi aukast. Á þeim tíma voru menn að berjja sér á brjóst og benda á að tölur um atvinnulausa væru lægri hér en annars staðar á landinu,“ segir Finnþógi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. Nýjustu tölur sína að hlutfallslega hefur atvinnulausum fjölgað mest á Vestfirðum. Meðalfjöldi atvinnulausra í síðasta mánuði var 147 eða 4,1% af áætluðum mannfjölda fjórðungsins. „Þegar menn voru að stera sig af lágum atvinnuleysistöllum hafði atvinnulausum samt fjölgað um nær 100% þannig að aukningin var mikill þótt fjöldi atvinnulausra einstaklinga væri ekki mikill,“ segir Finnþógi.

„Þá mega menn ekki gleyma því að fólk á Vestfirðum er að fækka ískyggilega hratt á sama tíma og atvinnulausum er að fjölga. Þetta þýðir einfaldlega að störfum er að fækka umtalsvert meira en sem nemur fjölgun atvinnulausra. Fækkunin er ekki eingöngu bundin við fiskvinnslur, heldur einnig við opinber störf á vegum ríkis og sveitarfélaga. Það



Finnþógi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga.

sem er sorglegt við uppsagnir hjá hinu opinbera er hversu illa þær hafa bitnað á þeim sem síst mega við því. Til að mynda einstæðum mæðrum, sem eiga ekki kost á öðru en að vera á atvinnuleysisbótum,“ segir Finnþógi sem óttast að fækkun starfa á svæðinu leiði til víthrings sem

erfið geti reynst að rjúfa.

„Þegar störfum og fólk fækkar jafn hratt og raun ber vitni, verður sömuleiðis erfiðara að reka sveitarfélögin og halda uppi þjónustu. Því færri sem borga skatta, því minna fer í rekstur og þjónustu sveitarfélaganna. Þetta virðist vera augljóst en er það greinilega

ekki. Ef það á endalast að skera niður í útgjöldum þá enda menn á því skera líka niður tekjustofnana sem þarf til að reka bæði sveitarfélögin og fyrirtækin. Allt leiðir þetta að sama brunni, samfélaginu hnignar. Þetta er hlutur sem við sjáum að er að gerast hér óþægilega hratt. Auðvitað fagna

ég því að ríkisstjórnin sé á leiðinni til okkar til að funda með fulltrúum sveitarfélaganna, en ég spyr mig hvaða aðgerðir hún muni boða til mótvægis við þann niðurskurð sem hún stendur hér fyrir,“ segir Finnþógi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga. –kte@bb.is

Díoxín magn mælt í brjóstamjólki

Landlæknisevni segir að með hliðsjón af tiltölulega vægri hækkun á díoxíni í afurðum frá skepnum frá einum bæ í Skutulsfirði megi ætla að heilsufarsleg áhrif af þeim sökum séu lítil sem engin. Þetta kemur fram í nýjustu Farsóttafréttum. Engu að síður mun sóttvarnalæknir, í samvinnu við aðila frá Háskóla Íslands, gangast fyrir forkönnun á því áreiti sem fólk kann að hafa orðið fyrir af völdum díoxíns. Mælt verður díoxín magn í sermi og, þar sem við á, í brjóstamjólki hjá völdum konum. Einnig verða tekin hársýni til blýmælinga, en blýmagn er óbein vísbending um díoxín mengun og mengun almennt.

Eins og kunnugt er barst Matvælastofnun í desember niðurstaða mælingar á díoxíni í mjólkursýni frá bænum Engidal í Skutulsfirði sem Mjólkursamsalan hafði tekið. Reyndist magn díoxíns vera 3,98 pgWHOTEQ/g fitu, en mestu leyfilegu mörk eru 3. Þá reyndust díoxín og PCB vera 7,4 pgWHO-TEQ/g fitu, en mestu leyfilegu mörk eru 6. Þar sem bærinn er í námunda við

sorpbrennslustöðina Funa var ætlað að losun díoxíns þaðan hefði valdið menguninni.

Eftir að fyrrnefnd mælingarniðurstaðan lá fyrir bannaði Matvælastofnun dreifingu búfjárfurða frá Engidal (sölu á mjólki og slátrun búfjár). Tekin voru frekari sýni af mjólki, kjöti og heyi frá Engidal og einnig mjólk frá mjólkurbýlum í aðliggjandi fjórðum. Niðurstaðan var sú að einungis tvö sýni frá býlinu í

Engidal, annað úr mjólki og hitt úr kjöti, voru yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum. Heysýni frá Engidal var við leyfileg mörk en ekki marktækt hækkad.

Fjórir brennsluofnar hafa mælt með há gildi díoxíns í útblæstri, en þeir eru brennsluofninn Funi í Skutulsfirði og ofnar í Vestmannaeyjum, á Kirkjubæjarklaustri og í Svínafelli í Örafasveit. Losun díoxíns í hverjum rúmmetra hefur mælt mest í Vestmannaeyj-

um, því næst á Kirkjubæjarklaustri og í Skutulsfirði. Losun í Svínafelli er metin á móta og á Kirkjubæjarklaustri. Hafa ber í huga að stöð sem hefur hátt útblástursgildi getur haft lægri heildarlosun en stöð með lægra útblástursgildi eins og raunin er t.d. hérlendis þar sem heildarlosun á Kirkjubæjarklaustri er metin lægri en í Skutulsfirði þrátt fyrir að útblástursgildið sé hærra á Kirkjubæjarklaustri. Ekkert

skepnuhald er í námunda við ofninn á Kirkjubæjarklaustri, en ekki mældist hækkun á díoxíni í kjöti og mjólki frá Svínafelli í Örafum í sýnum sem tekin voru í tengslum við sýnatökurnar á Vestfirðum.

Í nýrri brennsluofnum eru leyfileg mörk díoxíns fyrir útblástur 0,1 ng/m³ í útblæstri frá sorpbrennslustöð. Það er þó heildarlosunin, sem er háð magni, tegund sorps og loftflæði stöðvarinnar, sem skiptir mestu máli.

G.Ó.K húsasmíði átti lægsta tilboð

G.Ó.K húsasmíði átti lægsta tilboð í breytingar og endurbætur á endurhæfingarveild Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Þrjú fyrirtæki tóku þátt í útbóðinu sem var lokað. Tilboð G.Ó.K húsasmíði hljóðaði upp á 23.9 milljónir króna, Vestfirskir verktafar buðu 26.4 milljónir, Spýtan bauð tæpar 28.8 milljónir og tilboð Geirnaglans hljóðaði upp á tæpar 29 milljónir króna. „Það er

reglulega ánægjulegt að fá verkefni á borð við þetta á þessum árstíma og í erfiðu árferði eins og ríkt hefur í þessum geira að undanfögnu,“ segir Jón Steinar Guðmundsson sem ásamt föður sínum Guðmundi Óla Kristinsyni er eigandi fyrirtækisins. Starfsmenn G.Ó.K eru sex og segir Jón Steinar að bróðurpartur þeirra muni vinna að endurbótunum meðfram öðrum smærri verkum.

„Við erum nú þegar byrjaðir á verkinu en áætluð verklok er í byrjun júní. Þetta er nokkuð viðmikið verk en við munum endurnýja alla vegg, loft og gólfefni á deildinni, auk þess verður skipt um hurðir og innréttingar,“ segir Jón Steinar. Endurbæturnar á endurhæfingarveildinni er fjórði áfanginn sem G.Ó.K hefur unnið á spítalanum síðastliðin tvö ár. „Við byrjuðum á því að taka fæðingardeildina í gegn fyrir tveimur

árum. Á síðasta ári var svo bráðadeildinni breytt og í vetur voru gerðar endurbætur á lík-húsinu. Þannig það hefur verið töluverð vinna í kringum þetta, auk þess hafa margir iðnaðarmenn komið að verkinu, pípu-lagningarmenn, rafvirkjar og fleiri. Þessar framkvæmdir hafa því skipt sköpum fyrir svæðið,“ segir Jón Steinar Guðmundsson.

–kte@bb.is

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 24. - 27. mars

Góð kaup!

~~1.875~~

1.498 kr/kg

Lambalærisneiðar 1.fl
úr kjötborði eða pakkaðar ferskar

Góð kaup!

~~1.098~~

895 kr/kg

Lamba grillleggir
úr kjötborði eða pakkaðir ferskir



Góð kaup!

Lambafilé 2.798 kr/kg

verð áður 3.498kr/kg

Góð kaup!

~~1.595~~

1.298 kr/kg

Lambahryggur
úr kjötborði eða pakkður ferskur

Góð kaup!

~~299~~

239 kr/pk

Stór bláber
250g fryst frá Coop

Pasta frá Coop á frábæru verði!



...sjá Spagetti alle Vongole og Pastaskrúfur með tómata og fetaosti í uppskriftir á samkaupurval.is



31% afsláttur

199 kr/pk

Spagetti 1 kg

verð áður 289 kr/pk



32% afsláttur

129 kr/pk

Skrúfur 500g

verð áður 189 kr/pk

Góð kaup!

~~128~~

99 kr/stk

Kletta gos eða vatn
0,5 l



50% afsláttur

Vínber
215 kr/boxið

verð áður 429 kr/boxið



50% afsláttur

Fótboltamyndir

6 stk **99** kr/pk

enska deildin 2010-2011

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is



Frá Hesteyri. Ljós: Ágúst G. Atlason.

Tökulið frá Hollywood til Hesteyrar?

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér kvikmyndaréttinn á metsölu-bók Yrsu Sigurðardóttur, Ég man þig, sem var ein mest seldi bók liðins árs og situr nú í efsta sæti Bóksöluhlustans. Ég man þig er sjötta glæpa- og spennusaga Yrsu Sigurðardóttur og segir frá ungu fólki sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur en það fer að gruna að

þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum og fannst aldrei.

Sigurjón sem hefur framleitt yfir fjörutíu kvikmyndir og sjónvarpsseríur segir: Um er að ræða svokallaðan „yfirnáttúrulegan trylli en ekki „hefðbundinn trylli“

þar sem persóna lögreglumanna er í forgrunni. Sagan sækir meira í íslenska sagnahefð um yfirnáttúrulega atburði en hinn klassíska ameríska noir trylli, sem nú er orðinn að alþjóðlegu fyrirbæri.

Þannig sé bókin frábrugðin mörgum öðrum bókum sem út koma um þessar mundir. Sigurjón segir einnig að umgjörð sögunnar Ég man þig vera mikil-

fenglega íslenska náttúru sem geri sérstöðu bókarinnar ennþá meiri og því spennandi efni í kvikmynd sem í senn er alíslensk en hefur um leið alþjóðlega skírskotun.

Í tilkynningu segir að Sigurjón Sighvatsson hafi aðallega unnið sem sjálfstæður framleiðandi í Hollywood. Kvikmynd hans Wild at Heart í leikstjórn David Lynch hlaut Gullpálmann í Cannes á

sínum tíma en meðal leikara sem hann hefur unnið með eru Harrison Ford, Jeff Bridges, Tim Robbins, Nicholas Cage, Natalie Portman og Toby Maguire. Sigurjón er nú að ljúka lokafrágangi kvikmyndarinnar The Killer Elite með Robert DeNiro, Jason Statham og Clive Owen í aðalhlutverkum og mun hún verða tilbúin fyrir haustið. Frá þessu var greint á Pressunni. – *thelma@bb.is*

Hesteyri kemur vel til greina


Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi hefur ráðið Ottó Geir Borg til þess að skrifa handritið að bókinni „Ég man þig“ eftir Yrsu Sigurðardóttur. Ottó er þegar byrjaður að skrifa handritið og Sigurjón er vongóður um að tökurlit geti hafist fljótlega. Hann segir vel koma til greina að taka myndina upp á Hesteyri í Jökulfjörðum, þar sem sagan gerist. Myndin verður tekin upp á íslensku. „Ég á nú von á því að hún verði tekin upp á íslensku, alla vega að

stórum hluta til. Það er mikið af myndmáli, ekki endilega svo mikið talað mál í rauninni. Ég geri ráð fyrir því að þetta verði íslensk bíómynd, en hvort það verði einhver önnur tungumál ívað er svo aftur annað mál,“ segir Sigurjón í samtali við Vísi.

Sigurjón segist þekkja staðinn þar sem sagan gerist ágætlega. Fyrsta hugsun sé að taka myndina upp þar. „En það eru líka aðrir staðir sem hafa komið til umræðu. Við eigum eftir að taka sumarið í að skoða fleiri staði,“

segir Sigurjón. Hann er hins vegar ekki farinn að velta fyrir sér leikurum í helstu hlutverk. „Við þurfum aðeins að fá betri heildarmynd á þetta. En það er fullt til af góðum leikurum á Íslandi,“ segir Sigurjón.

Sigurjón segir erfitt að spá fyrir um það hvenær tökurlit geti hafist. Það fari allt eftir því hvernig gangi að skrifa handritið. Það sé hins vegar góðs viti að handritshöfundur sé byrjaður að skrifa. „Hann er byrjaður að skrifa, sem er frekar óvenjulegt. Það gerist



Sigurjón Sighvatsson. Ljós: dv.is.

frekar hratt. Það er kosturinn við það að vinna utan Hollywood. Hlutirnir í Hollywood gerast

hægt. Þannig að ég er vongóður um það að hægt sé að gera þetta fljótlega,“ segir Sigurjón.



ÓDÝRAR NÚÐLUR 泡麵 NÍU TEGUNDIR



YUM YUM NÚÐLUR 70g 98 KR. BOXIÐ



NÚÐLUSKÁLAR 110g 159 KR.



1 NÚÐLUR 85g 35 KR. PAKKINN.



GRÍSAVEISLU BAJONSKINKA ÚR GRÍSAÞÓG 898 kr.kg



BÓNUS NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR 998 kr.kg



GRÍSAVEISLU FERSKUR GRÍSAÞÓGUR 495 kr.kg



GRÍSAVEISLU GRÍSAKÓTILETTUR 795 kr.kg



KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM 1298 kr.kg



BÓNUS FERSKT ÓKRYDDAÐ SÉRSKORIÐ LAMBALÆRI 1359 kr.kg



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS FERSKT ÓKRYDDAÐ LAMBAFILLET Frábært verð: 2998 kr.kg



1498 KR. KG

EUROSHOPPER FROSNAK KJÚKLINGABRINGUR



ÚRVALS FLATKÖTUR FRÁ GÆÐABAKSTRI 98 kr. 5stk.



Smjörvi TILBOÐS ÁSKJAN 300g KOMINN Í BÓNUS 198 KR.

KORNBRAUÐ 1 KG.



BÓNUS KORNBRAUÐ 26 SNEIÐAR 198 KR.



PEPSI & PEPSI MAX 4 FL. x 2 LTR 698 KR.



Caj-P. GRILLOLÍA 500ml GÓÐ Á LAMBAKJÖTIÐ 398 kr.



COCA COLA KIPPUR 745 KR. 4 flöskur x 2 ltr.



Atkvæða-greiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar 9. apríl um gildi laga nr. 113/2011 (Icesave-samningarnir) sem forseti Íslands synjaði staðfestingar, er hafin hjá Sýslumanninum á Ísafirði. Samkvæmt tilkynningu frá embættinu er hægt að kjósa á skrifstofutíma frá kl. 9:30 til 15:30 virka daga.

„Kjósandi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans og hafa borist kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag eða eigi síðar en kl. 16 þriðjudaginn 5. apríl 2011,“ segir í tilkynningu.

Spurningin

Finnst þér vera kominn tími á að boðað verði til alþingiskosninga?

Alls svöruðu 592.
Já sögðu 338 eða 57%
Nei sögðu 254 eða 43%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Frémur hæg breytileg átt og víðast hvar bjartviðri. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:
Líkur á suðvestlægrri átt með úrkomu víða um land og mildara veðri.

Horfur á sunnudag:
Líkur á suðvestlægrri átt með úrkomu víða um land og mildara veðri.

Leikskólabörnum með alvarlega fötlun mismunað

„Börn á leikskólaaldri eru alfarið á framfæri sveitarfélagsins á meðan fötluð börn á grunnskólaaldri fá úthlutað með sér úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga,“ segir í bókun Línu B. Tryggvadóttur, bæjarfulltrúa Í-listans í Ísafjarðarbæ, en hún vakti athygli bæjarfulltrúa á þeim mismuni

sem er á úthlutun úr Jöfnunarsjóði til barna með fötlun. Skoraði hún á samtök sveitarfélaga, að beita sér fyrir því að lögum og reglum varðandi úthlutun vegna leikskólabarna með fötlun verði breytt hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þá samþykkti bæjarstjórn tillögu fræðslunefndar um að

óska eftir viðræðum við velferðarráðuneytið, um meðferð viðbótarkostnaðar sem fellur til vegna leikskólabarna með alvarlegar fatlanir.

Einnig samþykkti bæjarstjórn breytingar á innritunarreglum leikskólanna í sveitarfélaginu. Í þeim felst að við reglu númer

fimm bætist: Ef barn er fjarverandi vegna veikinda samfellt í tvær vikur eða lengur er hægt að óska eftir að fæðisgjaldið verði fellt niður. Ef um langvarandi samfellt veikindi er að ræða er hægt að sækja um niðurfellingu á vistgjaldi.

– thelma@bb.is

Dýpkun hafin við Mávagarð



Vinna er hafin við dýpkun Sundahafnarinnar á Ísafirði og er þar komin myndarleg landfylling norðan Mávagarðsins. Nýja bryggjan leysir af hólmi litlu olíubryggjuna. Til stendur að byggja nýja og langþróa olíubirgðastöð á landfyllingunni. Áætlað er dýpkunarframkvæmdunum verði lokið 15. maí. Þá hafa þar staðið yfir um tíma framkvæmdir við að setja niður 60 metra stálþil sem keypt var rétt áður en efnahagshrun frestaði áframhaldandi verki. Nýja bryggjan leysir af hólmi litlu olíubryggjuna. –thelma@bb.is.

Ritstjórnargrein

Athafnir í stað orða

Kóngur vill sigla en byr hlýtur að ráða. Þessum fornu sannindum hefur ríkisstjórnin orðið að lúta í tvígang er hún hugðist efna til fundar á Ísafirði. Þegar þessar línur eru festar á blað er með öllu ókunnugt hvað töfrað verður upp úr hatti ríkisstjórnarinnar þegar þar að kemur. Af fréttum að dæma eru Vestfirðingar þó varaðir við að hafa ekki uppi of miklar væntingar um „stórvirki“, eins og það var orðað. BB rekur ekki minni til að Vestfirðingar séu í biðröðinni eftir álveri, olíuhreinsunarstöð hefur aftur á móti borið á góma og umskipunarhöfn í Dýrafirði fyrir íshafssiglingar verið eitt af draumaverkefnum framtíðarinnar. Hvað það varðar er langt í land en eigi að síður væri gott að vita hug stjórnvalda í þeim efnum. Í skýrslu Háskólans á Akureyri kom fram að sem áhrifavaldur á byggðapróun væri staðsetning slíkrar hafnar mikilvægust fyrir Dýrafjörð og Vestfirði, til heildar hagsmuna lítið. (Það skaðar ekki að einhvern tíma sé horft lengra en til morgundagsins.) Vestfirðingum veitir ekki af góðu starti til nýrrar sóknar. Eitt stykki Hvalárvirkjun væri vel þegin.

Forsætisráðherra íaði að hugmyndum um mennta- og velferðarmál. Fengur væri að stjórnvöld settu á sig rögg og samþykktu að nú þegar yrði hafist handa við byggingu 30 rúma hjúkrunarheimilis á Ísafirði. Mál að óskiljanlegum seinangangi hvað það varðar ljúki. Þá verður að opna Sólborgarheimilið á Flateyri á ný. Það er vart boðlegt að

ekki flóknara mál vaxi svo yfir höfuð manna, sem raun raun er á.

BB hefur ekki legið af afstöðu sinni til háskóla á Vestfjörðum. Háskólasetrið er staðreynd. Er verkefni í hatti ríkisstjórnarinnar sem rennt gætu stöðum undir stækkun þess og eflingu? Dæmi þar um, ekki ný af nálinni: a) miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski, b) rannsókn á áhrifum veiðarfæra á lífríki hafsins, c) alþjóðleg rannsóknarstofnun á sviði jarðkerfisfræða, ESSI. Allt er þetta meira og minna háð afstöðu stjórnvalda. Margt fleira kemur til.

Innanríkisráðherra hefur lýst því yfir að við forgangsröðun í samgöngumálum yrðu Vestfirðir eftir á blaði. Þingmönnum NV-kjörðæmis hefur borist áskorun um að styðja við framkomið lagafrumvarp um uppbyggingu Vestfjarðavegar nr. 60. Ástand vega á sunnanverðum Vestfjörðum er engu líkt. Yfirlýsing fyrrum samgönguráðherra ber óráekt vitni í þeim efnum. Erfiðleikar ríkisstjórnarinnar við að komast til Ísafjarðar ættu að hafa opnað augu hennar fyrir því að greiðar samgöngur eru einn af veigamestu þáttum þess að Vestfirðir eigi sömu möguleika og aðrir landshlutar.

Eiga þau mál er hér hafa verið gerð að umtalsefni hljómgrunn hjá ríkistjórninni? Af nógu er að taka. Vestfirðingar bíða eftir athöfnum í stað marklúttilla orða í gegnum árin.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is · Ritstjóri netútgáfu bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Þú velur þinn banka Íslandsbanki býður þér í viðskipti



Íslandsbanki leggur mikinn metnað í að veita góða þjónustu. Við viljum stöðugt gera betur og höfum m.a. kallað eftir hugmyndum viðskiptavina um hvernig við getum bætt þjónustna.

Við leggjum mikið upp úr bjóða úrræði og lausnir sem auðvelda viðskiptavinum okkar að taka upplýstar ákvarðanir í fjármálum.

Að flytja viðskipti sín milli banka er auðveldara en þú heldur.

Komdu í heimsókn og ráðgjafar okkar fara yfir það hvað við getum boðið þér og hvernig það gengur fyrir sig að skipta um viðskiptabanka. Við tökum vel á móti þér.

**Verið velkomin til okkar,
starfsfólk Íslandsbanka á Ísafirði.**

Við höfum margt að bjóða þér:

- Framúrskarandi ráðgjöf og þjónustu.
- Verðlaunavefinn **meniga.is** sem auðveldar þér að halda heimilisbókhald og gera útgjaldaáætlanir.
- Fjölbreytt og sveigjanlegt úrval úrræða fyrir skuldsetta einstaklinga og fyrirtæki.
- Þægilegan netbanka þar sem þú getur leyst flest þín mál.
- Öflug vildarþjónustu sem umbunar þeim sem nýta sér heildarþjónustu bankans.

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000



Loksins fiskbúð á Ísafirði

Kári Þór Jóhannsson á Ísafirði hefur í hyggju að opna fiskbúð í bænum er nær dregur sumri. „Já loksins, loksins kemur fiskbúð á Ísafirði,“ segir Kári er blaðamaður spurði hann hvort orðrómur þessa efnis væri réttur. „Ég er að standsetja húsnæði og stefni á að það verði klárt þegar líður á vorið.“ Verslunin verður til húsa við hliðina á fiskmarkaðinum við Sundahöfn. „Það verður stutt að ná í fiskinn beint af markaðinum og bátunum og bjóða fólki hann á góðu verði,“ segir Kári.

Nálgast alþjóðlegan titil

Guðmundur Gíslason frá Ísafirði náði sínum þriðja áfanga að alþjóðlegum meistaratitli með sigri á alþjóðlega meistaranum Eddie Dearing frá Skotlandi í lokaumferð MP Reykjavíkurmótsins. Miðað er við 27 skákir og hefur Guðmundur náð þriðja áfanga í 25 skákum og þarf einn áfanga til viðbótar til að fara yfir 2400 skákstig og verða alþjóðlegur meistari. Guðmundur var ekki sá eini sem náði áfanga að alþjóðlegum meistaratitli því það gerðu einnig Daninn Jacob Carstensen og hvít-rússneska skákkonan Anna Sharevich. Sænska skákkonan Emila Horn náði áfanga að alþjóðlegum meistaratitli kvenna.

Fimm götur malbikaðar

Ákveðið hefur verið hvaða framkvæmdir verður ráðist í á vegum Ísafjarðarbæjar í sumar. Tvær götur á Ísafirði verða malbikaðar, Hjallavegur og Sunnuholt sem og Sætún á Suðureyri, Drafnargata á Flateyri og Hafnargata á Þingeyri. Þá verður ráðist í gerð aurvarnargarð fyrir ofan Hjallaveg á Ísafirði og snjóflóðavarnir undir Kubba. Þá verða dýpkunarframkvæmdir við Mávagarð á Ísafirði og við höfnina á Suðureyri auk þess sem fráveituútrás verður lögð á Mávagarði.

Aukin flokkun sorps

Fyrstu skrefin í að breyta sorphirðu og flokkun sorps í Bolungarvík voru stigin í síðustu viku. Sorphirðukerfið gerir ráð fyrir tveimur sorptunnum, annarri fyrir almennt sorp og hinni fyrir endurvinnanlegt sorp. Nýja sorphirðukerfið hefur engin áhrif á rekstur eða opnunartíma gámastöðva, en flokkun þar breytist lítillega. Í tilkynningu frá bæjaryfirvöldum segir að miklar vonir séu bundnar við að góður árangur náist í flokkun sorps. Góð flokkun þýði betri umgengni við náttúruna um leið og kostnaður íbúa vegna sorpmála lækki en það muni skila sér í lægri fasteignagjöldum.

Gjaldtaka hafin

Gjaldtaka er hafin á söfnunarstöðum í Ísafjarðarbæ. Eins og gert var ráð fyrir í samningum Ísafjarðarbæjar við Kubb ehf. hefur nú verið tekin upp gjaldtaka fyrir sorp frá einstaklingum á söfnunarstöðum, í Funa og við söfnunarbifreið sem fer í þorp-in. Athuga ber að ekki er innheimt sorpeyðingargjald fyrir endurvinnanlegt sorp. Í tilkynningu frá Kubbi er íbúum bent á að unnt er að kaupa svo kallað klippikort, sem er með 12 einingum 0,25 rúmmetrum hver, og kostar kortið 9.600 kr. Kortið er til sölu í Funa og í söfnunarbifreið. Gjaldtakan er samkvæmt gjaldskrá sem sett var af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 14. janúar.

Zoran til liðs við BÍ

Stjórn BÍ/Bolungarvíkur hefur gengið frá samningi við Zoran Stamenic. Zoran, sem er 33 ára gamall Serbi, þekkir vel til héraðs en hann lék með Grindavík árin 2008 og 2009 þar sem hann var fastamaður í liðinu. Hann lék fjöru-tíu leiki með Grindavík og skoraði þrjú mörk. Í fyrra spillaði hann í Noregi. Zoran er annar leikmaðurinn sem gengur til liðs við BÍ/Bolungarvík á stuttum tíma en einnig hefur verið gengið frá samningi við skoska miðjumanninn Colin Marshall.



Álfsfell selur bát og aflaheimildir

Útgerðarfélagið Álfsfell ehf., á Ísafirði hefur gengið frá sölu á bátnum Lúkasi ÍS-71 ásamt öllum aflaheimildum. Hallgrímur Kjartansson, framkvæmdastjóri Álfsfells, segir að salan hafi verið gerð til að lækka skuldir félagsins við lánadrottna. „Þegar okkur var ljóst að samningar myndu ekki nást við bankann var ákveðið að leita að kaupanda hér á svæðinu,“ segir Hallgrímur. Kaupandi bátsins er nýtt félag, Sigurbjörg ehf., á Ísafirði, sem Ísfríðingurinn Gunnar Torfason er í forsvari fyrir. Félagið hyggst gera Lúkas áfram út frá Ísafirði og munu því bæði áhöfn og beitningarfólk



halda vinnu sinni eftir sölu.

Samkvæmt skipaskrá eru rúm 550 þorskígildistonn skráð á Lúkas ÍS, rúm 450 tonn af þorski og tæplega 120 tonna ýskuvóti. Álfsfell var stofnað árið 2002 og hafði keypt til sín aflaheimildir á árunum fram að bankahruninu. Félagið hefur einnig verið með áframeldi á þorski í Skutulsfirði

og notað til þess bátinn Bjargey ÍS. Hallgrímur segir Álfsfell ætla að reka áfram þorskeldið.

„Áframeldið er nú í raun eini hluti Álfsfells sem enn er í rekstri. Rekstrarskiptir eru hins vegar erfið í þessu, eins og í öðrum greinum nú um stundir, en vonandi tekst að tryggja reksturinn áfram,“ segir Hallgrímur.

Húsafriðunarsjóður styður átján vestfirsk verkefni

Átján hús í einkaeigu á Vestfjörðum fengu styrki til endurbóta frá Húsafriðunarsjóði í úthlutun sjóðsins fyrir yfirstandandi ár, en alls voru sendar umsóknir fyrir 39 hús í fjórðungnum. Húsafriðunarsjóður styrkir margvísleg verkefni auk viðhaldsstyrkja og á Vestfjörðum fengust einnig styrkir til rannsókna og húsakannanna. Fimm friðaðar kirkjur á Vestfjörðum fengu styrki til endurbóta; það eru Gufudalskirkja í Reykhólahreppi, Bænahúsið í Furufirði og Ögurkirkja í Ísafjarðardjúpi, Saurbæjarkirkja á Rauðasandi og Selárdalskirkja

í Arnarfirði. Styrkir eru á bilinu 250-500 þúsund krónur og nema samtals 1,9 milljónum króna. Sæbólskirkja á Ingjaldsandi í Önundarfirði fékk einnig styrk upp á 800 þúsund krónur. Sönderborgarhúsið við Aðalstræti 12 á Ísafirði fékk 400 þúsund krónur til endurbóta og Gamli barnaskólinn á Hólmavík fékk 900 þúsund krónur, en bæði húsín eru friðuð.

Húsín á Vestfjörðum fengu styrki á bilinu frá 200 þúsundum upp í eina milljón króna, alls 9,2 milljónir króna. Að þessu sinni rann stærsti hlutinn til húsa á

Patreksfirði eða 4 milljónir króna. Hluti fjármagnsins sem veittur er úr sjóðnum rennur til verkefna sem fjárlaganefnd velur en stærstu verkefni á Vestfjörðum voru valin af nefndinni. Þau hús eru öll á Patreksfirði; Vatneyrarbúð (900 þúsund), Sjóraningjasetur (1 milljón), Pakkhúsið (900 þúsund) og prestsetrið í Sauðlauksdal (900 þúsund). Ísafjarðarbæ var úthlutað 700 þúsund krónum til byggða og húsakannana, 350 þúsund fara í að skrá sögu fyrstu byggðar á Suðureyri og 1,5 milljón er eyrnamerkt Bíldudal og Patreksfirði til byggðakönnunar.

Ruth Tryggvason fallin frá

Ruth Tryggvason, heiðursborgari Ísafjarðarbæjar, jafnan kennd við Gamla bakaríð á Ísafirði, lést miðvikudaginn 16. mars. Ruth var 89 ára, fædd í Haralsted í Danmörku þann 16. maí 1921. Eiginmanni sínum, Aðalbirni Tryggvasyni, kynntist hún í Kaupmannahöfn sumarið 1946. Hann var frá Ísafirði og flutti hún með honum þangað í febrúar 1950. Ruth fór fljótlega að afgangi í Gamla bakaríðinu sem tengdafaðir hennar átti og rak. Síðar tóku hún og Aðalbjörn við bakaríðinu en voru einnig um árabil með margvíslegan annan verslunarrekstur.


Ruth og Aðalbirni varð þriggja barna auðið en Aðalbjörn lést árið 1970, aðeins 45 ára gamall.



Ruth hélt rekstrinum ótrauð áfram með dyggri aðstoð fjölskyldu sinnar.

Ruth fékkst við ýmis verkefni á lífsleiðinni og var m.a. ræðismaður Dana á Ísafirði í hátt í þrjú áratugi. Þá hefur hún beitt sér í

menningarmálum, mannúðarmálum og skógrækt. Allt frá komu sinni til Ísafjarðar auðgaði hún mannlíf með sinni alkunnu lífsgleði og þrótti og heillaði bæjarbúa sem og aðra með framkomu sinni í Gamla bakaríðinu.



FERMINGARGJAFIR Í EYMONDSSON

Íslands eina von þarf góðan stuðning til framtíðar

Verð frá
9.999 kr.

Taska á hjólum
Eggert Ólafsson
og Bjarni Pálsson
áttu eina saman.



Verð áður
12.995 kr.

Verð frá
5.999 kr.

Hnattlíkön
Hver man ekki eftir Guðríði Þorbjarnardóttur? Átti hún upplýst hnattlíkan?



Verð áður
7.995 kr.

Verð frá
4.999 kr.

Pennasett
Axlar-Björn hefði betur vitað að penninn er máttugri en sverðið!



Verð áður
6.995 kr.


Verð frá
7.990 kr.

Íslensk orðabók
Jónas þurfti að smíða ný orð þegar hann týndi sinni.



7.480 kr.

Biblía
Guðbrandur Þorláksson gat ekki keypt sér Biblíu úti í búð. Hann varð að kaupa prentsmiðju.



Verð frá
4.995 kr.

Atlasar
Af þeim toga sem hefðu komið Leifi heppna að gagni. Eða ekki.



Mundu eftir gjafakortunum | Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Bjartsýn að eðlisfari

Soffía Vagnsdóttir er nýkomin inn úr dyrunum þegar blaðamaður knýr dyra á heimili hennar í Bolungarvík á allt annað en veður-sælu eftirmiðdegi í mars. Soffía starfar sem skólastjóri Grunn-skólans í Bolungarvík en lætur þó til sín taka á fjölmörgum öðrum sviðum. Samfélagsmálin brenna á henni, hún stundar meistaranám samhliða fullri vinnu og hugmyndaflug hennar hefur getið af sér allt frá Ástarvíkunni landsþekktu til Systrablokkarinnar, ferðapjónustufyrirtækis hennar og systur hennar. Soffía sagði blaðamanni frá uppveixinum í sjö systkina hópi, forfrömu sinni á unglingsárum, föðurmíssinum og heilandi tónlist - að ógleymdri ástríðunni fyrir örlögum frú Bolungarvíkur.

Foreldrarnir frá-bærar fyrirmyndir

Vagnssystkinin sjö ólust upp á lífflegu og fjölsóttu heimili í Bolungarvík, börn hjónanna Birnu Hjaltalín Pálsdóttur og Vagns Margeirs Hrólfssonar, en Soffía er næstelst þeirra.

„Þau áttu okkur á tólf ára tíma-bili. Sem er nokkuð þétt,“ segir Soffía brosandí. „Svo segir mamma mín í dag, „Guð minn góður, eru þau komin með fimm börn!“ Ég bendi henni á að hún hafi átt sjö, en hún heldur því fram að það hafi allt verið öðruvísi þá,“ bætir hún við.

„Ég á frábæra foreldra. Þau voru mjög úrræðagóð og spiluðu mjög vel úr sínu. Pabbi var sjómaður og byrjaði ungur á sjó. Hann var hins vegar líka bak-sjúklingur, svo þau þurftu að leita ýmissa leiða til að bjarga sér, þegar ekki hægt var að stunda sjómennskuna. Á þeim tíma var ekkert atvinnuleysistryggingakerfi eða veikindakerfi eins og við höfum, og þau voru ótrúlega hugmynda- og samheldin,“ segir Soffía.

Foreldrar hennar stofnuðu til dæmis verslun sem fyrst var til húsa í einu herbergi á efri hæð fjölskylduheimilisins. „Svo færðist hún út í bílskúr, þar sem hún var í ein 25 ár. Mamma var sem sagt verslunarmaður á meðan hann var á sjónum. Þegar pabbi fékk svo aftur í bakið fór hann bara að klippa menn í herbergi uppi á lofti og var svo með rakarastofu í mörg ár. Hann reddaði sér bara stól og byrjaði! Við dæsum nú samt stundum þegar við skoðum fjölskyldumyndirnar frá þessum árum, það eru allir með sömu drengjakollsklippinguna!“

segir hún og skellir upp úr.

Vagn var sömuleiðis afar músíkalskur og spilaði á harmónikkunni. „Þau voru bæði frábærar fyrir-myndir, mikið reglufólk og mjög glaðvær. Við erum alin upp við söng og hann grípa í harmónikkuna. Þau lögðu líka ofsalega mikið á sig til að leyfa okkur að læra á hljóðfæri og komast í dans-kennslu og það sem var í boði hér. Þau lögðu allt sitt í okkur,“ segir Soffía. „Við skuldum þeim það bara að standa okkur eins og fólk,“ bætir hún svo kankvís við.

Með annan fótinn á Hesteyri

Móðir Soffíu er frá Bolungarvík, en faðir hennar var hins vegar frá Hesteyri í Jökulfjörðum, þar sem systkinin dvöldust langdvölum.

„Þau ólu okkur upp við ræturnar á Hesteyri. Pabbi og systir hans og makar þeirra keyptu saman gamla skólahúsið þar, og það var sumarfrísstaðurinn okkar alla okkar barnæsku. Þetta er ótrúlegur ævintýrastadur og þar eigum við allar okkar unaðsstundir. Mamma eignaðist síðar Læknishúsið, þar sem hún byggði upp þetta litla kaffihús, sem við systkinin höfum öll komið að með mismiklum hætti. Hún er reyndar að draga sig aðeins til baka núna, og Hrólfur bróðir minn mun taka meira við rekstrinum,“ útskýrir Soffía.

Hún kvaddi hins vegar æskuslóðirnar í Bolungarvík þegar hún var fimmtán ára og hélt suður yfir heiðar til að hefja nám í Verzlunarskólanum. „Ég hef spurt mömmu mína hvernig það kom til. Það hlaust eiginlega af því að það var hentugt fyrir þau, foreldra mína, að ég færi suður. Þau voru náttúrulega með fullt hús af börnum. Bróðir mömmu hafði boðið þeim að hýsa eitthvert barnanna, ef við vildum mennta okkur. Ég var sem sagt hjá þeim, leikarahjónunum Guðmundi Pálssyni og Sigríði Hagalín í tvö ár á meðan ég var í Versló. En ég var nú eiginlega bara að deylla úr heimþrá, svo ég kom heim aftur eftir þennan tíma – forfrömuð Verzlunarskólamaer,“ segir hún brosandí.

Með Bolungarvík á heilanum

Eftir heimkomuna fékk Soffía, þá sautján ára gömul, vinnu hjá Einari Guðfinnssyni. „Ég var ráðin í að reikna út laun fyrir fjögur, fimmhundrað manns, spáðu í

það! Í dag þyrfti eflaust doktorsgráðu í þetta,“ segir Soffía og hristir höfuðið brosandí. „Ég lenti líka í unglingsahljómssveit og spilaði á böllum tvö kvöld í viku og græddi á tá og fingri. Ég var moldríkur unglingskur,“ segir Soffía, sem segir það að vissu leyti erfitt að minnast Bolungarvíkur eins og hún var þá, með verslunum sem seldu allt milli himins og jarðar og allri þjónustu sem bæjarbúar þurftu.

„Það var allt til. Það er svolítið erfitt að hafa þessa minningu og búa hérna núna og hugsa með sér - hvert er frú Bolungarvík að fara? Er hún í alvörunni á leiðinni á endastöðina eða er þetta upphaf að einhverju frábæru sem við vitum ekki ennþá hvað er?“ segir Soffía, sem kveðst vera meðvituð um að hún sé með Bolungarvík á heilanum.

Eins og í öðrum þorpum á Vestfjörðum hefur íbúum fækkað töluvert frá því á blómasteiginu sem Soffía minnst á áttunda áratugnum. „Þegar flest var bjuggu hér nær þrettán hundruð. Það munar rosalega mikið um fjögur, fimm hundruð manns. Það gerir að verkum að það er eiginlega allt komið á lágmarksstig í þjónustu og svona. Það er alveg á mörkunum að þetta gangi miðað við óbreytt ástand,“ segir hún.

Vill nýja mælikvarða

Soffíu er þróun Bolungarvíkur afar hugleikin og málefni bæjarins brenna á henni, enda sat hún sjálf í bæjarstjórn í átta ár. „Núna er ég til dæmis mjög upptekin af því hvernig mælikvarðar eru notaðir á samfélög eins og okkar í hagkerfinu. Ef við berum okkur saman við aðra komum við alltaf út í mínus. Einn mælikvarðinn er til dæmis brottflutningur íbúa, og þá töpum við í samanburði, fjárhagsstaða sveitarfélaga, - okkur í óhag, peningar í umferð, - takmarkaðir. En fólk vill búa hérna af einhverri ástæðu. Hver er hún? Það hlýtur að vera til annar mælikvarði, ef ekki, þarf að búa hann til. Það er til dæmis talað um félagsauð, menningarauð, náttúruauð, þar gætum við skorað mun hærra í samanburði“ segir hún ákveðin.

Það er ekki þar með sagt að Soffía sé haldin bölsýni. „Við Bolvíkingar erum með ýmsar einingar hérna sem eru alveg frábærar. Við erum með björgunarsveit, kvenfélag og slysavarnafélag, við erum með kirkjukór, skóla og leikskóla, bæjarskrifstofurnar og fyrirtæki, allt mislitar einingar. Og svo auðvitað Íslendinga og

útlendinga. En þegar þær nálgast er því miður ekki eins og þær séu kvikasilfur og renni saman, heldur frekar eins og olfa og vatn. Þær ná einhvern veginn ekki alveg að vinna saman. Það er akkilesarhællinn okkar að mínu mati,“ útskýrir hún.

„Við þurfum að ná að rétta tannhjólina aðeins til og stilla þau saman og þá verður þetta geðveikt. Það væri gaman að reyna að vinna betur að því, að við getum talað saman og komist að niðurstöðu um hvert við viljum stefna. Mér fannst til dæmis kvikna hér einhver glóð eftir kosningarnar 2006. Þá lifnaði yfir öllu, það kviknaði stemning. Við höfum endurbýggingu á félagsheimilinu og gerðum sundlaugagarðinn sem allir eiga saman og geta notið. En svo geisaði skyndilega pólitískt óveður sem olli miklum skaða sem enn hefur ekki almennilega jafnað sig. Mér finnst við ekki nógu dugleg að þróa meira og tala saman um nýjar hugmyndir, alveg sama hvaðan þær koma,“ heldur hún áfram.

Fann sig í tónlistarnámi

Frú Bolungarvíkur þó fjarri lagi það eina sem hreyfir við Soffíu. Hún er lærður tónmenntakennari og kveðst hafa fundið sig í því námi. „Eftir að ég kom heim úr Verzló var ég hér í ár og fór svo aftur suður. Ég varð nefnilega skotin í bassaleikaranum í bandinu sem ég var í. Það var Pálmi Gestsson, leikari, og ég fór með honum aftur suður þegar hann fór í leiklistarskólann,“ útskýrir Soffía.

Hún vann fyrsta veturinn sem ritari á arkitektastofu og sem setjari í Bláðaprenti. „Ég var rosalega fljót að vélrita. Ég upplifði tíma þar sem maður pikkaði inn texta og það kom út svona gatastrimill. Ég var orðin mjög klár í að lesa úr götunum og sjá hvort það væru einhverjar villur. Hugsa sér hvað tækninni fleygir fram,“ segir hún brosandí.

Eftir einn vetur lá leið hennar hins vegar í frekara nám. „Ég varð ófrísk og hugsaði með mér að nú yrði ég að halda áfram að læra. Ég sótti um í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Ég var alveg viss um hvað ég vildi læra og tók alveg heilt sumar í að lesa tónfræði. Ég komst inn í skólann og þá hófst mitt nýja líf! Það var svo gaman!“ segir hún og hlær við.

„Ég fór í skólann bara hálfum mánuði eftir að Gestur, elsti sonur minn fæddist. Pálína systir

mín flutti með okkur til Reykjavíkur og tók síðasta árið í grunn-skóla utanskóla til að passa þetta litla barn. Svo hentist ég heim á milli tíma til að gefa brjóst. Þetta leystist alveg farsælega og var bara ekkert mál. Ef maður hugsar ekki of mikið hvað lífið er flókið þá verður það bara tiltölulega einfalt. Þetta er allt spurning um viðhorfið, held ég,“ segir hún.

Lukkunnar pamfíl

Soffía stundaði nám við skólann í fjögur ár, en náði samt að ganga með dóttur þeirra Pálma, Birnu, á þeim tíma líka og fæða hana stuttu eftir útskrift. „Það er yndislegt að hafa Birnu og fjölskyldu hér í Bolungarvík með barnabörnin mín tvö í næsta húsi“ segir Soffía. Hún segist hafa blómstrað í skólanum.

„Ég lærði svo mikið og kynntist svo góðu fólki. Ég var eiginlega ekkert þessi Verzlunarskólustelpa – ég hafði ekki mjög gaman af hagfræði og bókhaldi. Það nýttist mér samt mjög vel og hefur fylgt mér í gegnum lífið. Ég fékk líka listapakann beint í æð af því að ég bjó á þessu leiklistarheimili. Ég fór að sjá Saumastofuna sjö sinnum held ég,“ segir hún hlæjandi. „Ég var alltaf í leikhúsinu, sem var alveg frábært. Þegar ég hugsa til baka sé ég að ég er algjör lukkunnar pamfíl í öllu því sem ég hef fengið að upplifa og njóta,“ bætir hún við.

Eftir tíu ára hjónaband skildu leiðir þeirra Soffíu og Pálma. „Það hallaði undan fæti hjá okkur. Það var samt mjög erfitt að skilja. Við vorum svo tengd og áttum svo margt sameiginlegt. Við gátum eiginlega aldrei ákveðið okkur almennilega. En það er bara eins og með alla skilnaði, þeir taka svolítið á. Í dag erum við mjög góðir vinir og það gengur allt ljómandi vel,“ segir Soffía.

Nokkrum árum síðar kynntist hún svo „Hollendingnum sínum“ eins og hún segir sjálf. „Hollendingurinn heitir Roelof Smelt, kallaður Roland. Við kynntumst á leiklistarhátið í útlöndum, þar sem ég var með hópi unglinga. Hann flutti svo til Íslands hálfu ári seinna og við erum búin að vera hjón í yfir tuttugu ár og eigum saman þrjá yndislega stráka,“ segir hún brosandí. „Þá var ekkert skype og enginn gemsi – bara handskrifuð ástarbréf upp á gamla mátann,“ bætir hún við.

Þau Roland ákváðu að flytjast til Hollands, en ekki fyrr en að

þau hefðu dvalið í Bolungarvík í ár. „Ég var mjög lánsöm, því hann tengdist þessum stað hér. Það hafði mikla þýðingu fyrir mig. Hesteyri er til dæmis hans líf og yndi og ef við ákvæðum að flytja hédan hugsa ég að hann væri síðastur til að samþykkja það,“ segir hún brosandí.

„Ég vildi að hann kynntist mínu umhverfi, foreldrum mínum og svona áður en við færum. Sem betur fer, segi ég í dag, því hann náði að kynna þessa mín- um. Hann fór á sjó með pabba og lærði íslensku og svo fórum við út. Ég vildi líka læra hans tungu- mál. Við bjuggum þar, í borginni Almelo í tvö ár. Ég hugsa að það gæti vel verið að við hefðum verið lengur þar ef þetta slys hefði ekki orðið og pabbi minn dáíð,“ segir Soffía.

Föðurmissir- inn mikið áfall

Vagn var fimmtíu og tveggja ára gamall þegar bátur hans fórst, en Soffía þá rétt innan við þrjútt. „Það var alveg hörmulegt. Þetta var samt skrítið, mér fannst ein- hvern veginn að ég myndi fá svona símtal,“ rifjar Soffía upp. Hún segist líka enn muna sérlega vel síðasta daginn sem hún varði með föður sínum, hálfu ári áður en hann dó.

„Við vorum þá að flytja út. Þetta var í júlí, það var sól og birta og dagurinn byrjaði með harmón- nikkuspili heima hjá mömmu og pabba. Svo fórum við á rúntinn og heimsóttum fjölskylduna inni í Súðavík, sem var nokkuð sem við gerðum ekkert oft. Hann fylgdi okkur svo á flugvöllinn. Þetta var æðislegur dagur. Hálfu ári seinna gerist þetta svo,“ segir hún frá.

„Pabbi sagði alltaf við okkur að við ættum engar áhyggjur að hafa, hann ætti svo frábæran bát. Það var alveg rétt. Báturinn skilaði sér heill,“ segir hún og brosir út í annað.

„Það var auðvitað rosalega mikil sorg og erfið og áfall fyrir allt samfélagið hérna, held ég, því þeir voru tveir – hann og mág- ur minn Gunnar, ungur maður sem var giftur Möggu systur. Þetta var stórt og mikið högg. Pabbi var svo ungur, og algjör sprelli- kall og fjörkálfur. En við lifðum það nú öll af, eins og gengur,“ segir Soffía, sem segir tónlistina hafa átt stóran hluta í því að koma fjölskyldunni í gegnum erfiðustu sorgina.

Uppáhaldslög pabba

„Ég hugsa einmitt núna til þessa fallega fólks í kringum hann Sjonna Brink. Þetta er svo gott og fallet. Mér dettur í hug þessi tími okkar fjölskyldunnar fyrir tuttugu árum síðan. Það var einhvern veginn samskonar ferli.

Músíkin heilar – hún er einhvern veginn undir og yfir og allt um kring,“ segir Soffía, sem ætti að vita það vel. Eftir andlát Vagns helltu þau systkinin sér öll út í tónlistina og gáfu loks út plötu með upphaldslögum pabba þeirra.

„Við fjölskyldan bjuggum í Hollandi á þessum tíma, en Hrólfur bróðir bjó í Þýskalandi. Það var bara alveg óyfirtánlegt að geta ekki verið saman. Við erum mjög nán, öll systkinin. Við tökumst á og rífumst og svona, en við erum alveg svaka- lega nán, enda er svo stutt á milli okkar allra í aldri,“ segir hún brosandí.

„Þessi hugmynd um að gera plötu kom upp og við enduðum á því að fara í harmónikkukassann hans pabba og fundum lagalist- ann hans þar. Við tókum hann bara og spiluum upphaldslögin hans pabba. Hrólfi bróðir er tón- listarmaður og var þá með stúdíó í kjallaranum heima hjá sér, svo við fórum öll til Þýskalands, syst- kinin og mamma. Við sváfum uppi og fórum svo niður þegar við vildum og spiluum og sung- um og tókum upp. Þetta var alveg æðislegt og algjör heilun,“ segir Soffía frá.

„Við kynntum plötuna hérna heima á sjómannaeginum, bara hálfu ári eftir að pabbi dó. Svo fór árið einlega alveg í þetta. Þetta hjálpaði okkur mikið. Bæði af því að við vorum öll saman, því maður hefur svo mikla þörf fyrir samveruna. Svo er svo mikil heilun í tónlist. Hún er eins og hvítur englavængur og gefur manni svo mikið. Þetta var líka tónlistin sem sameinaði okkur í gegnum barnæskuna, sjómanna- söngvar og svona,“ segir hún og brosir. „Allt í einu var árið bara liðið – og það er svo mikið ferli að ganga í gegnum árið, upplifa afmælisdaginn, árstíðirnar allar og jólin og svona. Svo kemur næsti árshringur og þá verður þetta hægt og rólega auðveldara,“ útskýrir hún.

Ferðapjónustan í fjölskyldunni

Af Vagnssystkininum sjö eru nú bara þau Haukur og Inga bú- sett í Bolungarvík, auk Soffíu. „Eldhúskrókurinn hjá mömmu er svolítið viðverustaðurinn, dá- lítil þungamiðja hjá okkur. Í erli dagsins er það annars svolítið bara vinnan og heimilið,“ segir hún.

„Við Inga erum hins vegar mjög samrýndar og erum að brasa saman í ferðapjónustu. Við keyptum blokk sem við erum með í útleigu, helminginn í fastri leigu en annað í ferðapjónustu. Við erum líka með gistiús með tólf herbergjum hérna niður frá. Okkur finnst rosalega gaman að taka á móti gestum og í stússinu



sem því fylgir, en það sem er erfitt er að gera þetta samhliða venjulegri vinnu. Þetta er samt svolítið okkar draumur. Haukur bróðir er líka að byggja upp ferðapjónustu í sambandi við stangveiði og fleira og þeir Hrólfi svo með glæsilegan farþegabát sem stytist í að verði tilbúinn. Við erum öll með puttana svolítið í þessu. Okkur finnst þetta gaman,“ segir hún frá, en Soffía segir föður þeirra hafa verið fyrstan í fjölskyldunni til að fikra sig út í ferðapjónustu.

„Hann byrjaði að sigla með Breta á Hornstrandir þegar við vorum krakkar. Ég á æskuminn- ingar af mínu heimili þar sem það var allt fullt af börnum en líka Bretum! Þeir sváfu á stofu- gölfinu ef það var ekki hægt að sigla yfir Djúp með þá,“ segir hún og hlær við.

Soffía segir það gríðarlega mik- ilvægt fyrir alla þá sem starfa innan ferðapjónustu á svæðinu að vinna saman. „Þetta styður allt hvað annað, sem er lykkillinn að þessu á svona litlum stað,“ segir Soffía, sem telur að Bolung- arvík hafi næg sóknartækifæri í ferðapjónustu.

„Við erum svo stutt frá sjónum, sem er nú ástæðan fyrir því að Bolungarvík hefur alla tíð verið útgerðarbær. Það var líka einhver sem sagði við mig um daginn að við liggjum hér á gulleggjum. Það er hér einhver alveg einstakur refastofn í Jökulfjörðunum og fágætar fuglategundir og bara um daginn voru tólf hnúfubakar á ferðinni í Djúpinu, hef ég heyrt. Ferðapjónusta á Vestfjörðum er tiltölulega ný atvinnugrein og við erum svona að læra að hugsa um annað en hefðbundna sjósókn, sem hefur skapað okkur tekjur í gegnum tíðina en líka helvítis vanda núna síðustu áratugin. Þetta kerfi okkar er ekki í lagi, við þurfum að vinna í breytingum á því,“ segir Soffía.

Hugsjónamann- eskja í skólstarfi

Soffía kveðst vel geta hugsað sér að starfa eingöngu innan ferðapjónustugeirans. „Ég væri alveg til í að geta ráðið tíma mínum meira. Ég hef nú yfirleitt verið í fastri vinnu og er náttúru- lega skólamanneskja fyrst og fremst. Mér finnst það rosalega gaman. Þegar ég lít til baka er ég svona fimm ára tímabilsmann- eskja. Ég fer að ókyrrast eftir fimm ár. Þetta er einmitt fimmta árið mitt sem skólustjóri núna,“ segir hún brosandí.

Þó henni líki skólustjórastarfið afar vel segir hún heldur ekki gott að vera lengi í slíku starfi. „Þá verður maður svona heima- ríkur hundur og heldur að maður hafi alltaf rétt fyrir sér. Maður staðnar og starfsfólkið fer að fest- ast í viðjum vanans. Það verður alltaf að vera hreyfing á þessu,“ segir hún brosandí.

Hún hefur þó ákveðnar hug- myndir um hvernig hún vill sjá skólann og skólustarfið þróast á næstu árum. „Ég myndi vilja sjá að Grunnskóli Bolungarvíkur væri tónlistargrunnskóli, þar sem bæði leikskólinn og tónlistarskól- inn kæmu inn í húsnæðið. Þar væru frábærir einstaklingar á aldrinum tveggja og upp í sextán ára og tónlistin myndi óma á göngunum,“ segir hún frá hug- sjón sinni.

„Mig langar að brjóta upp alla þessa ramma. Ég talaði mjög fyrir því þegar ég var í bæjarstjórn að við myndum hafa það sem verk- efni ársins 2011 að byggja nýjan leikskóla. Ég er búin að skipta um skoðun,“ segir Soffía, sem þá hafði séð fyrir sér að hver og einn grunnskóli í bæjunum á norðanverðum Vestfjörðum gætu skapað sér sérstöðu á einhvern hátt í sameiginlegu sveitarfélagi. Bolungarvík gæti til dæmis haft tónlistargrunnskóla, Þingeyri sérhæft sig í íþróttum, Flateyri í tungumálum og þar fram eftir götunum.

„Þetta mun ekki ganga eftir og mér sýnist ekki að börnin úr Hnífsdal komi hingað úr þessu. Þá vil ég fá leikskólann inn í skólann í staðinn. Svo geta elstu börnin þar bara farið inn í bekk þegar þau eru tilbúin. Það yrði svona náttúrulegra flæði og við gætum búið til umgjörð þar sem þau fá alla sína þjónustu – skól- ann, íþróttir, tónlist – allt innan skólatímans. Svo fara bara allir heim klukkan fjögur þegar mamma og pabbi koma heim – þá væri vinnudagurinn búinn, líka hjá börnunum,“ segir Soffía.

Kann alltaf minna

Ásamt skólustjórastarfinu og ferðapjónustunni stundar Soffía líka meistaranám við Háskólann á Bifröst um þessar mundir.

„Ég ákvað að fara að læra meira um það sem mér fannst ég ekki vita neitt um, sem er sem sagt Evrópusaga. Ég hef alltaf verið í fræðslumálum og menn- ingunni, en fannst mig vanta ein- hverja tengingu við söguna, þannig að ég dreif mig í Evrópu- fræði á Bifröst. Svo ætlaði ég að fara að byrja á ritgerðinni en ákvað í staðinn að halda áfram, svo nú er ég að ljúka Menningar- stjórnun þaðan líka,“ útskýrir Soffía, sem stefnir því á að skrifa tvær meistaritgerðir á næsta ári. Verður hún þá komin með fimm háskólagráður? „Já!“ segir hún og skellir upp úr. „Og veit minna en nokkru sinni. Maður virðist alltaf vita minna eftir því sem maður lærir meira,“ bætir hún brosandí við. „En svona í samfé- lagslegu samhengi heldur námið hausnum á manni virkum og er svo ofsalega skemmtilegt líka. Bifröst er líka alveg dásamlegt samfélag – maður hittir þarna fólk á öllum aldri og úr öllum geirum og vinnur með þeim. Ég hef verið þarna tvö sumur til að ná þessu öllu, það er svolítið mikið að taka þetta með alveg fullu starfi. En ef maður hefur áhuga eru manni allir vegir færir, segir fólk það ekki? Ég hugsa að hédan í frá verði ég alltaf í ein- hverju námi, bara svona fyrir mig og hver veit nema að geti sest á skólabeck í Háskólastrí Vest- fjarða í einhverju spennandi námi en þar var ég í stjórn frá upphafi. Það var mikill heiður að fá að móta það og byggja upp með því góða fólki sem að því kom, ekki síst forstöðumanninum,“ segir Soffía, sem fagnar því líka að vegur menningar og lista fari vaxandi í samfélaginu.

„Sem betur fer eru menn loks- ins búnir að koma auga á að menning og listir og skapandi greinar skipta máli í hagkerfinu. Núna síðast heyrði ég að Sigurjón Sighvats vildi gera myndina henn- ar Yrsu hérna á Hesteyri. Hvað heldurðu að það myndi þýða fyrir okkar samfélag?,“ segir Soffía.

„Ég er svo glöð að fá að upplifa það í þessu jarðlífi að þetta sé metið til einhvers! Fólk getur ekki bara lifað af fiski hérna – það verður líka að hafa eitthvað fóður fyrir hugann og heilann. Ég er þess vegna líka ótrúlega stolt yfir því að hafa átt þátt í því að Félagsheimilið yrði endur- byggt. Það verður vígt í apríl. Fólk verður að hitta annað fólk og fá næringu fyrir hugann og sálina. Við lifum ekki lengi bara svona ein og sjálf,“ segir Soffía og spár því að Bolungarvík verði áberandi hvað varðar menningar- viðburði á næstunni.

„Það er eitt og annað í kortun- um hérna. Ég er líka bjartsýn að eðlisfari og ætla bara að halda í það að þetta sé frekar spennandi upphaf en dapurlegur endir,“ seir hún að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.



Frá sumarbústaðahverfinu í Tungudal.

Samþykkt um sorphirðu endurskoðuð

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur vísað sorphirðusamþykkt sveitarfélagsins til endurskoðunar hjá nefnd um sormál. Á síðasta fundi var tekið fyrir minnisblað frá fjármálastjóra sveitarfélagsins þar sem hann mælir með að ákveðnar viðmiðunarreglur verði settar inn í samþykktina um það hvenær skuli innheimta sorpgjald og hvenær ekki. „Almennt um álagningu sorpgjalda er nokkur

óvissa, sem ástæða er til að skilgreina og það verður leiðarljós við álagningu sorpgjalda. Árlega koma inn fjölmörg erindi, þar sem óskað er eftir niðurfellingu sorpgjalds af íbúðarhúsnæði, sem er lítið eða ekkert notað, stundum óíbúðarhæft. Það á ekki að vera geðþóttaákvörðun fjármálastjóra hvernig slík erindi eru afgreidd,“ segir í minnisblaði Jóns Halldórs Oddssonar, fjármálastjóra Ísa-

fjarðarbæjar.

Þá hefur bæjaryfirvöldum borist erindi frá Félagi sumarbústaðaeigenda í Tungudal þar sem spurt er um sorpgjöld á sumarbústaði í Tungudal. „Í bæjarfélaginu eru um 50 fasteignaeigendur sem eiga íbúðarhúsnæði er þeir greiða sorpgjald af og sumarhús að auki sem þeir greiða einnig sorpgjald af. Upphæðin sem um ræðir vegna sumarhúsa er 50 x 14.700 kr.,

samtals 735.000 kr.,“ segir í minnisblaði fjármálastjóra.

„Austan Djúps er nokkur fjöldi sumarhúsa sem ekki er lagt á sorpgjald, þó svo að ætla megi að eigendur komi til baka í Ísafjarðarhöfn og skili af sér sorpi þar.“ Fjármálastjóri segir þar gilda einu hvort eigendur eigi íbúðarhúsnæði og greiði sorpgjald í sveitarfélaginu eða ekki. Þar þurfi að koma á samræmingu.

„Varðandi það að leggja sorpgjald á sumarhús, sem eru í eigu einstaklinga er eiga annað íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og greiða sorpgjald af því, þá má segja að það sé ekki forsvaranlegt og erfitt að halda fram sanngirni í því máli. Það þarf að taka til athugunar í þessu sambandi, að sumir lána eða leigja út sumarhús sín og við það gæti skapast ástæða til að leggja sorpgjald á þau.“



Betri einangrun
minni orkukostnaður

VIÐHALDSFRÍIR PVC-u GLUGGAR

Á Íslandi er síbreytileg veðráttu alþekkt. Þess vegna ættu Íslendingar að velja sér glugga sem standast erfið veðurskilyrði og þarfnast ekki viðhalds.



GLERBORG

Sími: 565 0000
www.glerborg.is

Komdu við á söluskrifstofu okkar
að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði



Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða. Ljós: Brian Berg.

Sóknarfæri í sögunni

Þegar framtíð og þróun landshlutans ber á góma skýtur hugtakið menningartengd ferðaþjónusta oftast en ekki upp kollinum. Sú atvinnugrein hefur sótt í sig veðrið um land allt og ekki síst á Vestfjörðum á undanförunum árum. Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða, flutti fyrirlestur á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða í síðustu viku, þar sem hann fjallaði meðal annars um hvernig saga og menningararfur svæðisins hefur verið nýttur í menningartengdri ferðaþjónustu og við atvinnusköpun. Hann fjallaði einnig um hvaða sóknartækifæri felast í frekari þróun á því starfi – nokkuð sem bæði ferðaþjónustuaðilar og önnur fyrirtæki á svæðinu láta sig varða. Blaðamaður BB fékk Jón því til að segja frá hugmyndum sínum og umfjöllunarefni fyrirlestursins í meginatriðum.

Fá 200 umsóknir á ári

„Þetta tengist vinnunni minni náttúrulega mjög mikið. Ég starfa hjá Menningarráði Vestfjarða og

vinn með margvísleg verkefni sem snúa að atvinnusköpun í skapandi greinum,“ segir Jón. „Það hefur líka lengi verið áhugamál mitt - hvernig hægt er að virkja menningararfinn og listir samfélaginu til heilla, bæði til að skapa störf og hafa jákvæð áhrif á byggðaðróun og þess háttar,“ útskýrir hann.

Jón er menntaður þjóðfræðingur og hefur unnið innan menningargeirans síðastliðin fimmtán ár. Hann rak áður fyrirtækið Sögu-smiðjuna, þar sem hann sinnti ýmsum menningarverkefnum, ráðgjöf, sýningarhaldi og fleiru, en hefur starfað sem menningarfulltrúi Vestfjarða frá hausti 2007.

„Síðan þá hefur Menningarráð Vestfjarða úthlutað 120 milljónum í styrki til menningarverkefna á Vestfjörðum, sem er alveg feykioflugt,“ segir Jón frá. Fjárveitingar til ráðsins koma að mestu leyti frá ríkinu, en sveitarfélög veita einnig fjármunum til menningarráðsins. „Nú er verið að endurnýja samninginn við ríkið og í síðustu viku vorum við svo að auglýsa eftir styrkum-

sóknum fyrir vorúthlutunina,“ bendir Jón á.

Menningarráð Vestfjarða úthlutar styrkjum tvisvar á ári, en því berast um 100 umsóknir fyrir hverja úthlutun. „Það er ekki nema um þriðjungur sem fær styrki hverju sinni, en ég held að tvö hundruð umsóknir á ári beri vitni um mjög öflugt menningar – og listalíf. Það er alveg frábært,“ segir Jón ánægður.

Fyrirlestur Jóns í síðustu viku fjallaði meðal annars um menningararf og menningartengda ferðaþjónustu, sem hefur lengi verið í umræðunni. Hún fékk hins vegar byr undir báða vængi í lok síðasta árs. „Þá kom út þessi skýrsla um áhrif skapandi greina í hagkerfinu. Menn áttuðu sig á því hvað skapandi greinar eins og útgáfustarf, listir og menning, safnastarf, kvikmyndagerð, sviðslistir, tónlist og leiklist skipta nú þegar miklu máli fyrir atvinnulífið. Þetta starf hefur líka svo mikil jákvæð áhrif á aðra þætti, og margfeldisáhrif í öðrum atvinnugreinum,“ útskýrir Jón.

Hann telur sömuleiðis að skap-

andi greinar hafi mikil og jákvæð áhrif á ímynd landssvæða og sjálfsmynd fólks sem þar býr og starfar, sem er hugmynd sem ekki hefur farið jafn hátt.

Markaðssetning inn á við mikilvæg

Jón segir þau áhrif sem skapandi greinar og menningararfurinn hafi á sjálfsmynd íbúa og ímynd svæðisins alls geta skipt gríðarlegu máli. „Það verður eiginlega ekki metið til fjár,“ segir hann. „Hérna á Vestfjörðum hefur svæðið til dæmis lengi haft orð á sér fyrir að vera dálítið sérstakt menningarsvæði, með mjög líflegu og blómlegu menningarstarfi. Það hefur mikil og jákvæð áhrif á ímynd landsfjórðungsins út á við, en styrkir líka íbúana sjálfa, svona hvað þeirra sjálfsmynd sem Vestfirðingar varðar. Þetta er eitthvað sem menn eru stoltir af – hversu mikið líf og fjör er í menningarstarfinu,“ útskýrir Jón.

Hann heldur að þessi tengsl séu eitthvað sem hægt sé að nýta

mun betur í markaðssetningu og framtíðar uppbyggingu. „Þegar það er verið að markaðssetja svæði eins og Vestfirði miðast sú markaðssetning oftast við að ná til ferðamanna. En það þarf að markaðssetja svæðið út frá fleiri sjónarhornum, til dæmis sem valkost fyrir fólk til að búa innan, eða fyrir fyrirtæki að starfa á. Og svo þarf að hugsa um að markaðssetja Vestfirði gagnvart íbúnum sjálfum, sem svæði sem þeir eru ánægðir með að búa og starfa á,“ bendir Jón á.

„Oft er horft á fólksfækkunartölur, að það fækki um svo og svo marga íbúa á einhverju tímabili. Menn eru mjög uppteknir af því og mikið að spekulera í því, þegar stóra málið er kannski líka hvernig þeim líður sem eru ennþá hérna, og hvernig þeir upplifa sig. Finnst þeim sem eru hér enn gott að búa hérna, eru þeir stoltir af sínu svæði?“ spyr Jón.

Hann segir mælikvarðann á slíkt að hluta byggjast á sögulegum vinkli, en líka sé hægt að líta til þess sem gengur vel innan svæðisins. „Það væri til dæmis

menningarlífið á Vestfjörðum. Hér er til dæmis heilmikið og gott tónlistarlíf, um alla Vestfirði eru góðir tónlistarskólar. Svo er sérstaklega talað um Ísafjörð sem tónlistarbæ. Þar eru tónlistarháttir eins og Aldrei fór ég suður og Við djúpið sem efla þá ímynd, en byggja á henni um leið. Þessar háttir ganga líka vel af því að þær passa við ímyndina sem var fyrir og styrkja hana um leið," útskýrir Jón.

Sóknarfæri í sérstöðunni

Aðspurður segist Jón tvímælaust sjá mikil sóknarfæri í verkefnum tengdum vestfirskum menningararfi. Þar á hann allsendis ekki eingöngu við þá mynd sem orðið kallar á stundum fram í huga fólks, af torfbæjum og sauðskinnsskóm. „Menningararfurinn er alls ekki einskorðaður við það, hann er sibreytilegur og virkur í samfélagi dagsins í dag," útskýrir Jón, sem segir hann heldur ekki einskorðast við tónlistarhefðina sterku.

„Það er margt annað í gangi hér. Svíðslistin er til dæmis mjög öflug hér líka, við erum með eitt af örfáum atvinnuleikhúsum á landsbyggðinni, Kómedíuleikhúsið. Það er líka dálítið sérstakt hvað við erum með margar öflugar og flottar menningarháttir hér. Fyrir utan þessar tvær tón-

listarháttir erum við með Skjaldborg og Act Alone-háttina," bendir hann á.

„Svo er það þekkingin sem fólk innan þessa svæðis hefur á alls kyns sögulegum arfi. Á Vestfjörðum er til staðar mjög mikil þekking á endurbýggingu gamla húsa og bátasmíði, svo dæmi séu tekin. Þetta er líka hægt að nýta samfélaginu til heilla og til atvinnusköpunar. Við höfum, finnst mér, mjög mikið af sérfræðikunnáttu og reynslu sem á ennþá dálítið eftir að tengja saman og láta virka í samstarfi," útskýrir Jón.

Hann segir stöðuna í menningartengdri ferðapjónustu á Vestfjörðum afar góða í dag og nefnir Skrímslasetrið í Arnarfirði, Galdrasýninguna á Hólmavík og Melrakkasetrið á Súðavík sem góð dæmi um verkefni sem byggja á vestfirskum sérkennum og sérþekkingu.

„Þetta eru líka verkefni sem hafa verið sett á laggirnar með ákveðna hugmyndafræði sem undirstöðu. Þarna er verið að spekulera í því hvernig verkefni geti haft sem mest jákvæð áhrif í samfélaginu, bæði út frá ferðapjónustu og atvinnusköpun. Þau eru hugsuð þannig frá upphafi, sem er einmitt svo skemmtilegt við þau. Þetta er mjög áhugaverð nálgun sem hefur gengið mjög vel að vinna með á Vestfjörðum," segir Jón.

Næstu 20 ár afar spennandi

Jón hefur starfað innan menningargeirans í fimmtán ár og segist horfa bjartsýnn og spennur fram á veginn. „Ég er alveg viss um að í framtíðinni á sýningum, setrum og söfnum á Vestfjörðum eftir að fjölga. Það kæmi mér ekkert á óvart þó þeim fjölgandi um helming á næstu tíu árum eða svo, mér finnst það bara líklegt," segir Jón.

„Ef maður horfir tuttugu ár aftur í tímann var ekki nokkur maður búinn að segja frasann „menningartengd ferðapjónusta“ – það hugtak var bara ekki til í íslensku. Síðan hafa liðið tuttugu ár og upp á síðkastið hefur þetta kannski verið svolítið tískufrasi – eins og allir séu að gera eitthvað í menningartengdri ferðapjónustu. En þetta er í raun og veru bara rétt komið af stað," segir hann.

„Nú er að koma fram fullt af fólki sem hefur menntun á þessu sviði. Það er boðið upp á nám í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands, og menningarstjórnun á Bifröst svo eitthvað sé nefnt. Þetta fólk á eftir að láta að sér kveða í framtíðinni, svo ég hef engar áhyggjur af henni," segir hann brosandí. „Ég held að það verði

bara ævintýri að fylgjast með þróuninni á næstu árum," bætir hann við.

Rannsóknartengd ferðapjónusta næsta skref?

En er hætt við því að svæðið hreinlega drukni í menningartengdri ferðapjónustu? Geta verkefni orðið of mörg, miðað við bjarta framtíðarspá Jóns?

„Nei, ég held að það sé nú engin hætt á því. Það á að vera gaman að ferðast um svæðið og hægt að velja um fjölbreytta afþreyingu. Þá tæki líka bara við lögmálið um framboð og eftirspurn. Það sem vel er gert myndi hafa yfirhöndina. Verkefni þar sem menn hafa hugað vel að gæðum, eru vel tengdir í samvinnu við aðra og duglegir að finna nýja vinkla til að byggja ofan á það sem þeir eru að gera – eins og til dæmis með námskeiðahaldi eða í tengingu við rannsóknir og fræðastarf. Það er hægt að tengja sig í svo margar áttir án þess að einskorða sig við ferðapjónustuna, með rannsóknasetrum og fræðasetrum, námskeiðahaldi fyrir ferðamenn og þar fram eftir götunum," útskýrir Jón, sem spáir því að slík ferðapjónusta muni blómstra á næstu árum.

„Þetta verður ábyrgilega framtíðin. Nýjar greinar eins og rannsóknartengd eða menntatengd

ferðapjónusta munu skjóta upp kollinum. Ég held að næstu árin verði mjög mikil gæðapróun á þessu sviði. Ungu fólkið sem kemur inn með menntunina sína nálgast hlutina á þverfaglegri hátt en fólk gerði áður. Fólk á mínum aldri og eldri var fastara í skorðum, bundnara við eina grein sem það lærði í háskóla á sínum tíma og svolítið fast innan landamæra hennar, enda var lögð áhersla á það í námi að halda sig á því örugga svæði. Maður var bara sagnfræðingur eða líffræðingur og fastur þar – það hvarflaði ekki að fólki að tengja sig við ferðapjónustuna eða listafólk. Nú kemur fólk út úr skólum með þverfaglega hugmyndafræði í höfðinu og finnst alveg sjálfsagt að hafa mun víðari nálgun á hlutina. Þess vegna er ég svona dæmalaust bjartsýnn og mér finnst eins og þetta sé allt á réttri leið, allt að gerast," segir Jón, léttur á brún.

„Þessi samvinna á milli lista, menningarstofnana, fræðimennsku og ferðapjónustu er lykillinn að auknum gæðum líka, að fólk úr þessum áttum komi saman og vinni að því að gera þetta sem vandaðast, fjölbreyttast og skemmtilegast," bætir hann við að lokum.

Nánari upplýsingar um væntanlega úthlutun Menningarráðs má finna á síðunni vestfirskmenning.is.

– Sunna Dís Másdóttir.

Við berjum niður verðið!

LÆGRA VERÐ FYRIR VIÐHALDIÐ



Salerni
Vegghengt salerni með öllu
8078415

36.990,-

LÆGSTA LÆGA VERÐ

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU WEITZER PARKETI

4.990 kr/m²
~~6.290 kr/m²~~

Eikarparket
3ja stafa Structure.
146935



14.995,-

LÆGSTA LÆGA VERÐ

Hábrýstidæla
NILFISK, 100 Bar.
5254240



10 ltr.
6.995,-
~~8.295,-~~

Jotaproff
Gæða veggmalning, gljástig 7.
7119866



10 ltr.
5.995,-
~~7.495,-~~

Jotaplast
Gæða plastmalning á loft, gljástig 2.
7119808



995,-
~~1.195,-~~

Rúllusett Anza
Bakki 25 cm.
7014822



9.995,-
~~11.995,-~~

Hleðsluborvél
B&D, 12V, 2 rafhlöður
5245999

Látum verkin tala!



***LÆGSTA LÆGA VERÐ HÚSASMÍÐJUNNAR**
TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum "Lægsta læga verð Húsasmíðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

GILDIR TIL 28. MARS

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

smáar

Teka mér þrif í heimahúsum. Tek 1000 krónur pr.klst., fjóra tíma í senn. Er vön og vandvirk. Uppl. gefur María í síma 456 6602 og 866 6387.

Til sölu er fallegur kerruvagn með bílstól. Bílstólafestingar fylgja með til að festa stólinn á vagngrind. Einnig plast og kerrupoki. Á sama stað er til sölu Baby Björn ömmustóll og skiptiborð á bað. Uppl. í síma 866 9817.

Umsóknir í arösjóð SFFV fyrir þroskahlaða óskast sendar í pósthólf 288 fyrir 1. apríl. Stjórn SFFV.

Hjalti Þórarinnsson á Ísafirði tapaði gleraugum á leiðinni frá heimili sínu og að vinnustað á höfninni. Finnandi er vinsamlegast beðinn að hafa samband í síma 450 8080.

Tilleigu er einbýlishús í Holtahverfi á Ísafirði. Upplýsingar í síma 848 4265.

Það er ódýrara að vera áskrifandi! Síminn er 456 4560



Hljóðvarnargler
Dregur úr
hljóðmengun.

www.samverk.is
samverk@samverk.is

Millilandaflug frá Ísafirði?

Samgöngunefnd Alþingis hefur samþykkt þingsályktunartilögu um að innanríkisráðherra verði falið að gera úttekt á kostnaði og mögulegum leiðum til þess að tryggja að á Ísafjarðarflugvelli verði nægjanlegur búnaður og aðstaða til að unnt verði að sinna þáðan flugi til Grænlands. Úttektin og niðurstöður hennar verði kynntar samgöngunefnd Alþingis eins fljótt og auðið er.

„Tillagan er að vísu nokkuð þrengri í afgreiðslu nefndarinnar, en það breytir því ekki að hún nær því áætlaða markmiði að opna leið til þess að hægt sé að stunda millilandaflug á milli Ísafjarðar og Grænlands,“ segir Einar Kristinn Guðfinnsson, sem var fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar en meðflutningsmenn voru aðrir þingmenn Norðvesturkjördæmis.

„Þessu ber mjög að fagna og ætti að geta opnað nýjar leiðir í samgöngumálum okkar Vestfirðinga, skapað ný tækifæri í samskiptum okkar við Grænlandinga, ekki síst á atvinnusviðinu og þar með aukið atvinnusköpun á Vestfirðum og jafnframt greitt sérstaklega fyrir aukinni ferðaþjónustu og umsvifum í kring



Flugstöðin á Ísafjarðarflugvelli.

um flugvöllinn á Ísafirði,“ segir Einar.

Á fundum nefndarinnar var bent á að Ísafjarðarflugvöllur hefði á árum áður og um langt skeið gegnt hlutverki millilandaflugvallar. Af þeim sökum væri ýmis nauðsynlegur tækjabúnaður, hæft og sveigjanlegt starfsfólk og aðstaða þegar til staðar. Í kjölfar þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu hefði staða flugvallarins breyst en við slíku ætti að vera

hægt að bregðast án mikils kostnaðar.

Meðal annars studdist nefndin við umsögn Norlandair ehf. sem deilir reynslu sinni af Grænlandsflugi með nefndinni, eins og segir í umsögn flugfélagsins: „Nálægð Ísafjarðarflugvallar er lykilatriði sem gerir flugvélum kleift að fljúga fram og til baka með viðunandi farm, án þess að taka eldsneyti á Grænlandi. Fullyrða má að ekki væri um flugsamgöngur

að ræða inn á þessar slóðir ef Ísafjarðarflugvallar nyti ekki við. Vísindaleiðangrar til Grænlands krefjast mikils undirbúnings og er afar mikilvægt að hægt sé að reida sig á Ísafjarðarflugvöll í því sambandi. Þótt viðkomandi stjórnvöld hafi reynt að verða við óskum um undanþágur er slíkt fyrirkomulag auðvitað alls óviðunandi til frambúðar,“ segir Einar Kristinn.

– thelma@bb.is

Engar uppsagnir hjá SpKef á Ísafirði

Engar uppsagnir fylgja samruna SpKef á Ísafirði og Landsbankans. Í tilkynningu frá bankanum segir að búið sé að ganga frá starfsmannamálum vegna samrunans. Útibú SpKef á Ísafirði verður sameinað í húsnæði Lands-

bankans og mun útibússtjóri LÍ, Sævar Þór Ríkharðsson, stýra útibúinu. Steinn Ingi Kjartansson, fyrrum sparisjóðsstjóri SpKef á Ísafirði, verður þjónustustjóri í útibú Landsbankans. Fimm starfsmenn SpKef á Ísafirði flytja

því inn í Landsbankann en einn starfsmaður SpKef og einn starfsmaður Landsbankans, hafa ákveðið að leita á önnur mið, eins og segir í tilkynningu.

Afgreiðslustaðir SpKef á Flatheyri, Þingeyri, Súðavík, Tálkna-

firði, Patreksfirði, Bíldudal og Króksfjarðarnesi starfa áfram eins og verið hefur. Auk Ísafjarðar, hafa bæði fjármálastofnarnir, rekið útibú á þremur stöðum, í Ólafsvík, Grindavík og Reykjanesbæ. – kte@bb.is

Þjóðaratkvæði um skuldir

Stakkur skrifar >

Eftir rétt rúmar tvær vikur ganga Íslendingar til þjóðaratkvæðis um skuldir sem margir telja að þjóðin eigi alls ekki að greiða. En aðrir leggja mikla áherslu á það að kjósendur samþykki lög nr. 13/2011 er kveða á um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarks-tryggingar til innstæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Þetta eru réttnefnd löggin með langa nafninu.

Reyndar velta margir því fyrir sér af hverju Íslendingar ættu að greiða tryggingar fyrir önnur ríki. Voru þau ekki með bankaefirlit? Eigum við að trúá því að hver sem hafi getað komið inn í löndin og sett upp banka án nokkurs eftirlits? Það getur hreinlega ekki verið. En samt hljótuðum við að trúá því, að minnst kosti þeir kjósendur sem finnst þeim beri að borga skaðann. Annað þessara ríkja beitti hryðjuverkalögum gagnvart Íslandi og engum datt í hug að slíta við það stjórnmalasambandi. Þess vegna skýtur skökku við að margra mati að bjóðast til að borga skaðann. Sennilega hefur ríkisstjórnin verið full fljót á sér að lofa greiðslu til ríkjanna. Kannski var það gert undir hryðjuverkaögn eða öllu heldur af ótta við hryðjuverkalögin. Aðrir telja það drengskaparbragð að Íslendingar greiði fyrir óreiðu-

menn sem kunnu fótum sínum ekki forráð í bankarekstri.

Enn aðrir eru orðnir þreyttir á þessari umræðu líkt og borgarstjórinn í Reykjavík, sem segir á erlendra grundu að hann skilji ekki um hvað málið snúist. Hann vill bara losna frá því. Það er svo leiðinlegt. Sá áróður er rekin að áhættan sé lítil því þrotabú gömlu bankanna séu alltaf að fitna og Landsbankinn gamli mun borga mest af þessu. En þá er gott að frágangur þrotabúsins taki ekki of langan tíma svo eitthvað myndarlegt verði nú eftir þegar skilaneindir hafa fengið greitt fyrir sína vinnu. Hún hlýtur að vera bæði flókin og erfið miðað við kostnaðinn af rekstri þeirra.


En svo eru þeir sem telja að við munum lifa við eilíf gjaldeyrishöft nema löggin verði samþykkt. Ísland og Íslendingar muni einfaldlega ekki geta lifað í samfélagi siðaðara þjóða nema að standa við þessa skuldbindingu gagnvart Hollendingum og Bretum. Evrópusambandið muni ekki vilja okkur nema við borgum fyrir aðra. Hvað með það? Er það endilega víst að við eigum heima þar eftir það sem á undan er gengið?

Rétt er að vara við því að blanda þessu tvennu saman lögnum með langa nafninu og aðild að Evrópusambandinu. Verst er að vita ekki hverju á að trúá eða hverjum. Kosturinn er sá að þurfa bara að krossa við já eða nei.

En það getur verið snúið.



Flugfrakt



Fyrir þá sem vilja vera fyrstir

Við sækjum og sendum

Þú getur látið okkur sækja sendinguna í fyrirtæki þitt og koma henni beint til viðtakanda.

Hagkvæmt verð

Það er hagstætt að senda með flugfrakt – berðu saman verð á frakt með flugi og bíl.

Hraði er okkar sérstaða

Flugfrakt er fljótlegasta leiðin til að flytja vörur og aðrar sendingar. Mikill fjöldi ferða tryggir að allar sendingar berast hratt og örugglega.

Til/frá Reykjavík

Akureyri 7-12 ferðir á dag
Egilsstaðir 3-5 ferðir á dag
Ísafjörður 2-3 ferðir á dag

Risakjúlli á grillið

„Nú er sólin að hækka á lofti og ekki seinna vænna en að rífa fram grillið, hér er uppskrift að grilluðum kjúklinga-bringum, uppskriftin dugar fyrir fjóra en tvö vestfirsk heljarmenni gætu svo sem alveg klárað þetta,“ segir Rúnar Már.

Rúllakjúlli

4 kjúklingabringur eða pakki af kjúklingalundum

Marinering:

3 msk ólífuolía
1 msk sesamolía
3 msk soyasósa
2 hvítlausrif

Smá biti af engiferót
2 msk hlynssýróp
1 msk sítrónusafi
Svartur pipar

Skerið bringurnar í tvennt eftir endilöngu, látið liggja í marinerungunni í 2-3 tíma (má svindla á því eins og öðru) hendið síðan á grillið og steikið hæfilega, berið fram með kaldri sósu, salati og kartöflubátum.

Köld sósa

1 dós grísk jógúrt
2 hvítlausrif, kramin
2 tsk af cumín kryddi (ekki kúmenskíturinn sem er í kringl-

um)
1 msk hlynssýróp
1 msk soyasósa
Ca 2 cm kubbur af engiferót kraminn eða fínt saxaður
Fínt saxaður chili ca 2 tsk.
Fínt saxaður blaðlaukur
Dash af svörtum pipar
Dash af sítrónusafa

Þessu er einfaldlega öllu hrætt saman með skeið. Ath. Má sleppa öllu nema 5 fyrstu liðunum ef lítið er til í skápunum. Þessa sósu geri ég mjög oft og hún passar mjög vel með kjúkling og öllum grillmat, athugulir lesendur sjá að í sósunni er að mestu sama



dótið og í marinerungunni!

Kartöflurnar

Skerið kartöflur í báta, hendið í plastpoka ásamt slatta af olíu, maldon salti og timian, hristið vel saman og setjið inn í ofn í 50 mín eða svo við 200 gráður,

athugið að steikja ekki plastpokann. Gott er að bæta einni sætri körtöflu í púkkið.

Salatið mitt samanstendur af Klettsalati, dvergtómötum og feta osti, ekki flókið en gott.

Ég skora á Kristjönu Ósk Hauksdóttur á Ísafirði.

Í fyrsta sinn saman á Vestfjörðum

Tónlistarmennirnir góðkunn, Rúnar Þór Pétursson, Gylfi Ægisson og Megas eru á leið í tónleikaferð um Vestfirði í næsta mánuði. Fimmtudaginn 13. apríl verða kapparnir á Hólmavík og daginn eftir á Suðureyri. Túrnum lýkur svo með stórtónleikum í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. „Þetta er í fyrsta sinn sem við höldum allir saman tónleika á Vestfjörðum. Reyndar höfum við Gylfi spilað saman á Ísafirði fyrir nokkrum árum en það verður mun meira gaman nú þegar við erum saman allir þrír. Svo að auki held ég að það séu komin nákvæmlega 40 ár síðan ég spilaði í Alþýðuhúsinu á Ísafirði. Það er því mjög gaman að koma aftur þangað en síðast þegar ég stóð á þessu sviði var ég að spila á jólaballi. Það er finn hljómburður í húsinu og við vildum fara þangað þó svo að t.d. Edinborgarhúsið taki fleiri. Við viljum frekar reyna fylla Alþýðuhúsið og halda þarna skemmtilega tónleika,“ segir Rúnar Þór.

Félagarnir hafa nýlega gefið út sameiginlega plötu og hafa farið víðreist um landið til að kynna hana og spila saman gamla og góða slagara.

„Við ætlum að kynna næstu plötu í leiðinni en á henni verða gömul lög eftir okkur auk þess sem við ætlum hver fyrir sig að koma með nýtt lag. Nýja platan verður ólík þeirra fyrri og segja má að hún verði með kántrívafi. Við höfum skipt um útgefendur, og förum nú til Geimsteins hans Rúnars heitins Júl, þannig að þetta verði pottþétt ekki eins og í fyrra skiptið,“ segir Rúnar.

Rétt blanda fyrir fólk

– Þannig að þið ætlið að halda áfram samstarfinu?

„Það verður að vera framhald á samstarfinu þar sem Megas sagðist vera svo skotinn í mér í sjónvarpsviðtali um daginn,“ segir Gylfi kíminn.

„Samstarfið mætti varla verið

betra og við erum með efni í aðra plötu. Við erum bæði með gamalt og nýtt efni og allur gangur er á því. Mér hefur heyrst á viðtökunum að það sé það alveg rétt blanda fyrir fólk. Fólk hefur verið mjög vinsamlegt á tónleikum hjá okkur og allir voða glaðir. Okkur hefur verið sagt að við breytum óhamingju í hamingju,“ segir Megas.

„Það er búið að vera rosa gaman að spila saman og við höfum fengið góða dóma bæði fyrir tónleikana og plötuna. Við komum allir til dyranna eins og við erum klæddir og þarna er enginn rígur heldur erum við allir jafningjar. Svo hafa verið með okkur Jonni Ólafs og Siggi Árna sem eru fráberir bassaleikarar. Hann er alveg súper-bassaleikari. Þetta er skemmtilegasta band sem ég hef verið í,“ segir Gylfi.

Sláandi fallett á Vestfjörðum

– Hvernig leggst það í ykkur að fara vestur?

„Það leggst vel í mig að fara vestur. Þetta er nú eiginlega svölítt exótískt land þar sem hringvegurinn nær ekki á kjálkann og landslagið er svo sérstakt á Vestfjörðum. Það er alveg sláandi fallett að sjá hvernig fjöllin liggja og ganga meðfram sjónum. Við höfum oft og mörgum sinnum komið í sitt hvoru lagi en þetta er í fyrsta sinn sem við komum saman. Það er ekki verra að koma í för með Ísfirðingi,“ segir Megas.

„Mér finnst mjög gaman að koma vestur með mennina sem tóku á móti mér þegar ég kom frá Ísafirði 19-20 ára og hafa verið vinir mínir alveg síðan. Það er ákveðinn sigur fyrir Ísfirðing að fara suður og næla í uppáhaldsskaldin sín og koma svo aftur með sér heim fyrir rest. Þetta er menn sem hafa farið sínar eigin leiðir og ég hef lært

mikið af þeim,“ segir Rúnar.

Strákarnir lofa góðum tónleikum.

„Við verðum með kassagítarstemmningu á sviðinu og þetta verður mjög heimilislegt. Tónleikar frá okkur hafa oft verið kallaðir skemmtun þar sem við erum ekki eingöngu að flytja tónlist heldur segjum sögur af hvorum öðrum og sjálfum okkur. Við förum svona aðeins yfir ferla okkar. Þetta er því oft kallað sögustund með Gylfa, Megasi og Rúnari,“ segir Rúnar.

Einungis er um þessa einu tónleika að ræða á Ísafirði og takmarkað magn miða í boði. Forsala aðgöngumiða er hafin í versluninni JOV föt á Ísafirði. „Það verða bara seldir 150 miðar og þeir sem ætla sér að ná í miða verða að drífa sig til Gróu og Dúa áður en það verður um seinan,“ segir Rúnar Þór.

– thelma@bb.is



Tónlistarmennirnir góðkunn, Rúnar Þór Pétursson, Gylfi Ægisson og Megas.



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Reglubundinn sparnaður

Ein besta leiðin til að spara er með reglubundnum sparnaði.

Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð

þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



JÓNSSON & L'MAACKS • HLT • SÍA • NEIHT/LANDESBANKINN/KT.471008-0280